

## Davíð Á. Gunnarsson



*Davíð Á. Gunnarsson er fæddur í Reykjavík 1944, sonur hjónanna Svanhvítar Guðmundsdóttur og Gunnars F. Davíðssonar. Davíð er stúdent frá MR 1964, vélaverkfræðingur og- hagfræðingur frá Stokkhólmi, framhaldsnám í spítalaverkfræði. Eftir heimkomuna starfaði hann einkum við ýmis heilbrigðismál.*

### Ævintýri í Múlakoti

Í gömlum myndaalbúnum móður minnar fundust nokkrar myndir frá Múlakoti. Ég gaf mér aldrei tíma til að spyrja hana um þessar myndir, hvenær þær voru teknar og hverjir væru á þeim. Nú er of seint að spyrja.

Þegar ég sá Múlakotsbæinn fljótlega eftir að Sigríður og Stefán festu kaup á jörðinni Múlakot II var hann ónýtt hrófatildur að hruni kominn að mér fannst. Það hvarflaði ekki að mér að þetta væri áningarstaðurinn sem móðir mín, Svanhvít Guðmundsdóttir, talaði svo oft hugfangin um.

Mamma hafði fyrst heimsótt Múlakot í júní 1929 með bróður sínum, Guðmundi I. Guðmundssyni, og foreldrum þeirra, Guðmundi Magnússyni og Margréti Guðmundsdóttur. Mamma var átján ára í fyrstu heimsókn hennar í Múlakot. Fimm árum síðar í ágústmánuði 1934 heimsækir hún Múlakot aftur og þá ásamt vinkonum úr Hafnarfirði. Einhverjum árum síðar kemur hún svo í þriðja sinn og þá með samstarfskonum af “ stöðinni “ en hún starfaði sem símastúlka á Símsstöðinni í Reykjavík.

Ég var ekki fæddur þegar þessar ferðir voru farnar og skildi alls ekki þann ljóma sem virtist hvíla yfir staðnum samkvæmt hennar lýsingum.

Það var ekki eingöngu náttúrufegurð Fljótshlíðarinnar sem hafði hrifið mömmu svo mikið. Það var ekki síður ljósum prýddur garðurinn sem hún talaði um og var augljóst að það var eitthvað sérstakt í hennar huga. Veitingarnar og gómsætar kökurnar áttu líka traustan sess í frásögninni.

Ég kom heim frá námi árið 1972 og nokkrum árum seinna bað mamma mig að keyra sig að Múlakoti. Ekki man ég nákvæmlega hvaða ár þetta var. Það voru mömmu mikil vonbrigði að við fundum ekki bæinn. Vegurinn hafði verið fluttur frá bænum og garðinum og allt var í niðurníðslu svo mamma þekkti sig alls ekki á svæðinu.

Mér hefur því síðustu ár þótt einstaklega ánægjulegt að koma á ljósakvöld og sjá þann ljóma sem er yfir garðinum og bænum nú þegar hann er að nálgast sitt upprunalega útlit.

Það hefur auðvelað mér að skilja þetta tal móður minnar um dásemdinnar í Múlakoti.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvers vegna amma mín Margrét hafði svo mikinn áhuga á ræktun skrautblóma. Í litlum garðbletti umhverfis hús sem hún og afi festu kaup á í Reykjavík um 1940 ræktaði hún fjölda skrautblóma og mismunandi trjégunda og runna. Ég er ekki í neinum vafa um að þarna gætir ræktunar Guðbjargar í Múlakoti á fallegum garði. Mig grunar að áhrif Guðbjargar á ræktunaráhuga Reykvískra húsmæðra í görðum á höfuðborgarsvæðinu á þessum tíma sé mjög vanmetin.

Myndefni: Ljósmyndaalbúm Svanhvítar Guðmundsdóttur frá árunum 1930 - 1940



